# Fundargerð 2. fundar starfshóps um skólamál á Völlum 2015

Fundardagur: Miðvikudagur 21. október 2015
Fundarupphaf: Kl. 16
Staðsetning: Krosseyri, Linnetsstíg 3.

Rósa Guðbjartsdóttir stýrir fundi.

Mætt á fundinn:
Adda María, Jenný, Lars, Magnús, Rósa, Sigrún, Skarphéðinn, Valgerður Ósk Ómarsdóttir varafulltrúi foreldra grunnskólabarna og Vigfús.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. mál: **Íbúa- og nemendaþróun á Völlum**.
Gestur á fundinum var Guðmundur Sverris frá hagdeild fjármálasviðs sem kynnti tölur um íbúa- og nemendaþróun á Völlum allra næsta ár eins og það snýr að leik- og grunnskóla.

Helstu niðurstöður í kynningu Guðmundar:

- Áframhaldandi fjölgun í grunnskóla, nú um 860 en fer yfir eitt þúsund fljótlega
- Leikskólapláss líklega ekki mikill vandi þar sem Bjarkavellir bætast við næsta haust.
- Haustið 2016 þarf grunnskólinn sér hús sem leikskólinn nýtir nú á lóðinni hvað sem öðru líður.
- Frá hausti 2016 er samt mikill vandi í grunnskóla að bæta við sig nemendum þótt ný hús komi til þar sem endurhanna þurfi nýtingu á öllu skólahúsnæðinu vegna þess hve stór 6 ára árgangur kemur inn þá.

Glærukynning Guðmundar fylgir fundargerð.

2. mál: **Undirbúningur næsta fundar**.
Umræður um mögulegar lausnir, bæði til skamms og lengri tíma. Þetta var til umræðu:

- Fá þarf á hreint hvort ætluð lóð undir nýjan skóla verði frátekin fyrir grunnskóla í Skarðshlíð.
- Gera áætlun um stofnun nýs skóla frá hausti 2016 og 2017 og hvaða nemendafjölda megi vænta þar (Skarðshlíð + Vellir 6 og jafnvel fleiri svæði innan Valla). Nýr skóli byrji í bráðabirgðahúsnæði í tengslum við nýja skólalóð þótt nýbygging skóla geti einnig átt sér stað á sama tíma. Verði kynnt á næsta fundi.

3. mál: **Önnur mál**.

Önnur mál sem voru rædd á fundinum:

a. Skólastjórnendur Hraunvallaskóla, leik- og grunnskóli, telja brýnt að ákvörðun um vinnuplan verði ljóst sem allra fyrst um skipulag á skólastarfseminni frá hausti 2017 og áfram.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 3. nóvember kl. 16.30.

Fundarslit kl. 17.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson